**Ed.** **241. Tillaga**

til þingsályktunar um eftirgjöf á skuldum og ábyrgðum.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að skýra deildinni frá, hvort það er með hennar leyfi og samþykki, og ef svo er ekki, þá með hvaða heimildum, að tvær lánsstofnanir, sem standa beint og óbeint undir eftirliti landsstjórnarinnar, hafa gefið upp í tveim tilteknum tilfellum mjög stórar upphæðir. Þau atriði, sem skýrslu er óskað um, eru:

1. Hin mikla uppgjöf útibús Landsbankans á Ísafirði.
2. Uppgjöf á skuldum, ábyrgðum og vöxtum til handa firmanu Nathan og Ólsen í Reykjavík af hálfu Landsbankans og Íslandsbanka.